

5. gr.

Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

6. gr.

Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 16 frá 24. janúar 1945.

Gjört í Reykjavík 11. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, og lögum nr. 50 frá 26. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

- A. Af erfðafé, sem hverfur til maka, niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungs hluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 5 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 6 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 10 hundraðshlutum.

- B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 15 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 17 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 25 hundraðshlutum.

- C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir stafliði A eða B hér að framan, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:

Af fyrstu 1 200 þúsundum króna 30 af hundraði.

Af næstu 1 200 þúsundum króna 34 af hundraði.

Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 4 af hundraði á hverjum 1 200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 50 hundraðshlutum.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

2. gr.

Í stað „10 000“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 60 000.

3. gr.

Í stað „100 000“ í fyrri málsg. 12. gr. komi: 600 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 2. maí 1968, um bókhald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. mgr. 5. greinar laganna orðist svo:

Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar og skal efnahagsbók vera löggilt, sbr. þó 6. gr. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin siðarnefnda vera lausblaðabók.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skal sjóðbók vera fyrirfram innbundin og tölusett.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun og gerð slíkra bókhaldsgagna.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, skulu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar og bréfin eða símskeytin móttækin eða send.